

134. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 14. ágúst kl.9:30

Mættir: Einar Njálsson Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlökkversson í síma og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð. Torfi Áskelsson kom inn á fundinn kl 10:00

1. Aðalfundur SOS 7. og 8. september 2006.

Farið var yfir dagskrá og hlutverkaskipi á aðalfundi. Dagskrá send aðildarsveitarfélögnum ásamt aðalfundargögnum þann 23. ágúst.

2. Ársskýrsla 2005

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að ársskýrslu sem voru samþykkt.

3. Fjárhagsáætlun 2007.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun sem var samþykkt.

4. Verksmiðja Heiðargerði 5, áætlun og gjaldskrá.

Torfi kynnti rekstrarniðurstöðu fyrstu 7 mánuði ársins einnig lagði hann fram endurskoðaða rekstraráætlun fyrir árið 2006. Stjórn samþykkir 0.5 krónu hækkun á móttökugjöldum sem tók gildi 1. júlí 2006.

5. Urðað fyrstu 7 mánuðina á Kirkjuferjuháleigu.

Fram til 31 júlí höfðu borist 11.930 tonn til urðunar á Kirkjuferjuháleigu, það er 1,5 % aukning frá fyrra ári. Urðun ómeðhöndlaðs sláturúrgangs hefur dregist mikið saman á árinu. Ef sláturúrgangur er ekki reiknaður með eykst urðun um 6,8 % milli ára.

6. Önnur mál.

- a) Rekstrarleigusamningur NM 642 rennur út í október framkvæmdastjóri aflar frekari gagna fyrir næsta fund.
- b) Bréf UST frá 12. júní og 3. júlí 2006 lögð fram til kynningar.
- c) Framkvæmdastjóri upplýsir um væntanlegt feðraorlof í vetur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:24

Fundargerð færð í tölvu.

Bls. 15